

3. gr.

Ákvæði í viðauka 1 um að láta megí út nokkur lyf án lyfseðils, ef þau eru notuð til dýralækninga, orðist svo:

1. Piperazinum í blöndu með Tetramisolum eða Thiabendazolum.
2. Tetramisolum.
3. Thiabendazolum.
4. Sermi gegn lambablóðsött.
5. Eftirtalin vaccina:
 - a) Garnaveikibóluefni, sem fer eftir reglugerð um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki nr. 207 30. september 1966, sbr. og auglýsingu nr. 186 16. nóvember 1967 um viðauka við sömu reglugerð.
 - b) Bráðapestarbóluefni.
 - c) Bóluefni gegn lambablóðsött.
 - d) Bóluefni gegn lungnapest.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast gildi 1. júní 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. apríl 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af ýmsum vörum til lækninga.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nýta heimild í 33. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og fella niður tolla af ýmsum vörum til lækninga sem falla undir tollskrárnúmer 30.05.00.

2. gr.

Niðurfelling tolla samkvæmt 1. gr. tekur til neðangreindra vara:

- a. Dauðhreinsað girni (catgut) til læknisaðgerða og annað dauðhreinsað seymi til notkunar í sama skyni.
- b. Dauðhreinsað laminaria og laminariastifti (parastifti).
- c. Dauðhreinsuð efni til að stöðva blæðingar, enda geti líkaminn tekið þau til sín.
- d. Efni til skyggingar við röntgenrannsóknir og rannsóknarefni við læknisskoðanir til notkunar útvortis eða innvortis (þó ekki vörur þær er teljast til nr. 30.02), jafnt óblönduð efni í skömmtum sem blönduð efni.
- e. Prófefni til blóðflokunar.

3. gr.

Auglýsing þessi birtist til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 25. apríl 1977.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Sigurgeir A. Jónsson.